

4.2. Farsóttir

Um farsóttir gilda aðrar reglur en um hefðbundna vá eins og t.d. hópslys. Í hópslysi er oftast um að ræða mikið álag í stuttan tíma en farsótt veldur oftast mikið auknu álagi í 3-4 mánuði.

Vel skilgreint ferli í farsótt er nauðsynlegt hverju sinni þar sem starfsemi LSH getur breyst mikið í langan tíma. Verkferlar og gátlistar um viðkomandi farsótt eiga að vera til á öllum sviðum, deildum og einingum. Framkvæmdastjórar sviða, deildarstjórar og yfirlæknar bera ábyrgð á verkferlum og gátlistum í samstarfi við farsóttarnefnd

Farsóttarnefnd stjórnar daglegri umsýslu farsóttarverkefna í umboði viðbragðsstjórnar.

Það eru mögulegar nokkrar mismunandi sviðsmyndir fyrir það hvernig sjúklingur grunaður um farsótt gæti komið inn á Landspítala. Ákjósanlegasta sviðsmyndin er ef haft er samband við LSH fyrir komu sjúklings þannig að hægt sé að virkja farsóttahluta Viðbragðsáætlunar LSH. Ef meintur farsóttarsjúklingur kemur á bráðamóttöku barna við Hringbraut, í hjartagátt við Hringbraut eða á bráðadeild í Fossvogi á að vinna samkvæmt verkferlum og gátlistum um farsótt á hverjum tíma.

Auk verkefna vegna farsóttanna innan stofnunar gegnir LSH gegnir einnig veigamiklu hlutverki í öðrum viðbragðsáætlunum vegna sóttvarna í samfélaginu.

Í netútgáfu viðbragðsáætlunar, www.landspitali.is, verða settir inn viðeigandi verkferlar og gátlistar allt eftir því hverskonar farsótt verður í gangi á hverjum tíma.

Aðrar áætlanir er að finna á vef Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra, www.almannavarnir

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	FARSÓTTIR
□			<p>Óvissustig</p> <p>Farsóttarnefnd LSH kemur saman. Hún starfar í umboði viðbragðsstjórnar LSH og upplýsir hana um stöðu mála.</p> <p>Farsóttanefnd LSH er tengiliður LSH við Sóttvarnarlækni</p>
	□		<p>Hættustig</p> <p>Viðbragðsáætlun LSH er virkjuð.</p> <p>Viðbragðsstjórn LSH kemur saman.</p> <p>Farsóttanefnd LSH starfar í umboði viðbragðsstjórnar LSH og upplýsir viðbragðsstjórn um stöðu mála.</p> <p>Farsóttarnefnd er tengiliður LSH við Sóttvarnarlækni</p>
		□	<p>Neyðarstig</p> <p>Viðbragðsáætlun LSH er virkjuð að fullu samkvæmt farsóttarhluta</p> <p>Viðbragðsstjórn LSH kemur saman og lýsir yfir neyðarstigi</p> <p>Viðbragðsstjórn LSH fer yfir skipulagningu starfsemi LSH ásamt farsóttanefnd og vinna að lausnum með viðkomandi sviðum, sérgreinum og deildum ásamt samstarfsaðilum utan LSH og kalla eftir tiltækri aðstoð eftir þörfum.</p> <p>Farsóttanefnd starfar í umboði viðbragðsstjórnar LSH og er tengiliður LSH við Sóttvarnarlækni</p>